

## Dreifibréf 01/2020/LST

### Mönnun apóteka

Samkvæmt 31. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, með síðari breytingum, skulu á almennum afgreiðslutíma og á álagstímum utan almenns afgreiðslutíma að jafnaði vera að störfum í apótekum **eigi færri en tveir lyfjafræðingar við afgreiðslu lyfseðla og fræðslu og ráðgjöf um rétta notkun og meðhöndlun lyfja**. Hér er um að ræða meginreglu lyfjalaga um hvernig mönnun lyfjafræðinga í apótekum skal háttáð.

Í lyfjalögum er þó einnig gert ráð fyrir að aðstæður kunni að skapast þar sem ekki er unnt að uppfylla þessa kröfu. Segir þannig í 3. og 4. másl. 1. mgr. 31. gr. lyfjalaga:

*„[...]Lyfjastofnun er heimilt, að fenginni umsókn þar um, að leyfa að í lyfjabúð starfi einungis einn lyfjafræðingur, enda sé umfang starfsemi lítið og lyfjatæknar eða annað þjálfað starfsfólk sé lyfjafræðingnum til aðstoðar. Lyfjastofnun er jafnframt heimilt, að fenginni umsókn þar um, að veita tímabundið leyfi fyrir því að í lyfjabúð starfi aðeins einn lyfjafræðingur enda sé hætt á því að starfræksla lyfjabúðar leggist niður á svæðinu.[...]“*

Í samræmi við áður nefnt ákvæði 31. gr. lyfjalaga skulu lyfjafræðingar því aðeins starfa einir á vakt í apóteki **að fengnu leyfi Lyfjastofnunar**. Slíkt leyfi verður aðeins veitt að undangenginni umsókn þannig hljóðandi og skal slík umsókn rökstudd í samræmi við þau sjónarmið sem finna má í nefndri 31. gr. lyfjalaga.

Í apótekum eru lyfjafræðingar sú fagstétt sem ber ábyrgð á afgreiðslu og afhendingu lyfja og hafa eftirlit með því að rétt sé afgreitt samkvæmt lyfjaávisunum.

Lyfjafræðingum er auk þess ætlað að veita neytendum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum upplýsingar um lyf, notkun þeirra og geymslu. Þá er þeim jafnframt skylt að stuðla að réttri lyfjanotkun og veita lyfjafræðilega umsjá í samvinnu við aðrar stéttir heilbrigðisstarfsmanna með það að markmiði að draga úr líkum á sjúkdómum og auka almennt heilbrigði. Þessu viðamikla ábyrgðarhlutverki er ekki unnt að sinna á hlaupum. Nauðsynlegt er að starfsumhverfi lyfjafræðinga sé þannig úr garði gert að þeir hafi vinnufrið til að sinna þessum mikilvægu verkefnum.

Með útgáfu dreifibréfs þessa fellur úr gildi Dreifibréf 03/2008/LS. Þau apótek sem voru í rekstri fyrir gildistöku þessa dreifibréfs, og hafa háttáð mönnun lyfjafræðinga í samræmi við framangreint brottfallið dreifibréfi Lyfjastofnunar 03/2008/LS, **er veittur frestur til 31. desember 2020**, til að haga mönnun í samræmi við það sem hér að framan greinir.

Lyfjastofnun, 1. janúar 2020.